



SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Fjárlaganefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
101 Reykjavík

Reykjavík 08.05.2018

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2019 – 2023 / þingskjal 716 – 494.mál.

Samtök fjármálafyrirtækja gera athugasemd við áform stjórnvalda um að halda áfram að leggja sérstakan bankaskatt á hérlenda banka. Skattlagningin er verulega íþyngjandi og skaðar hagsmuni viðskiptavina einnar tegundar lánaþyrirtækja, hefur neikvæð áhrif á virði bankanna og þar með eignir ríkissins ásamt því að skapa óheilbrigt samkeppnisumhverfi á fasteignalánamarkaði innanlands og milli innlendra banka og erlendra þegar kemur að fjármögnun í íslensku atvinnulífi. Af þessum sökum er brýnt að afnema skattinn sem fyrst í stað þess að lækka hann í áföngum í upphaflegt hlutfall líkt og gert er ráð fyrir í fjármálaáætlun þeirri sem nú liggur fyrir Alþingi.

Sé það ætlun stjórnvalda að halda þessari skattlagningu áfram telja SFF eðlilegt að hann verði lagður á alla þá sem stunda lánastarfsemi hér á landi til að jafna samkeppniaðstæður á fjármálamarkaði.

Forsendur hækkunar löngu brostnar

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki var hækkaður úr 0,041 í 0,376% árið 2013 til að standa straum af kostnaði við höfuðstólsleiðréttingu verðtryggðra íbúðalána. Nú er sá kostnaður að fullu fjármagnaður. Þó skemmri tíma áhrif skattlagningarinnar hafi ekki verið mikil á íslenskum fjármálamarkaði er ljóst að langtímaáhrifin eru veruleg og neikvæð.

Fjöldi sérskatta

Hér á landi eru þrjú skattar lagðir sérstaklega á fjármálafyrirtæki: bankaskattur, fjársýsluskattur og sérstakur fjársýsluskattur. Bankaskatturinn er um 10 sinnum hærri hér á landi en almennt tíðkast hjá þeim Evrópulöndum sem leggja á slíkan skatt. Jafnframt er skattstofninn mun breiðari en annarsstaðar þekktist.

Bein áhrif á fjármögnunarkostnað

Af þessum sköttum er sérstaki skatturinn á fjármálafyrirtæki, hinn svokallaði bankaskattur, þungbærastur fyrir stærri fyrirtækin þar sem hann hefur bein áhrif á fjármögnunarkostnað lánaþyrirtækja. Skatturinn hefur verið 0,376% af heildarskuldum fjármálafyrirtækja frá árinu 2013. Í raun hækkar hann fjármögnunarkostnað fjármálafyrirtækja sem skatturinn nær til um samsvarandi hlutfall.

Bein áhrif á vaxtakostnað

Bankaskatturinn er lagður á skuldir bankanna. Þetta þýðir með öðrum orðum að skatturinn er lagður á fjármögnun bankanna. Þar af leiðandi hefur hann þau áhrif að fjármagnskostnaður bankanna sem greiða skattinn er 0,376% hærri en annarra lánveitanda. Til þess að setja þetta í samhengi þá liggur vaxtastig á skuldabréfum bankanna á kringum 2,5-4% þegar um verðtryggð bréf á ræða og tæplega

5-6% þegar um óverðtryggða fjármögnun er að ræða í íslenskum krónum. Skatturinn er því verulegur í hlutfalli við vaxtakostnað. Þegar er litið er til hreinna vaxtatekna bankanna þá sést enn fremur hversu íþyngjandi bankaskatturinn er. Á síðasta ári voru hreinar vaxtatekjur bankanna um 96 milljarðar og bankaskattur ríflega níu milljarðar samanlagt.

Skekkir samkeppnisumhverfið




Bankaskatturinn skekkir samkeppnisumhverfið á lánamarkaði verulega og það bitnar á viðskiptavinunum hvort sem um er að ræða heimili eða fyrirtæki. Lífeyrissjóðir gegna veigamiklu hlutverki á þeim markaði en þeir greiða hvorki bankaskatt né tekjuskatt. Sama gildir um lánveitingar erlendra banka og hefðbundna skuldabréfajármögnun fyrirtækja. Með núverandi útfærslu álagningar bankaskattsins er ein tegund fyrirtækja sem starfar á lánamarkaði tekin út fyrir sviga og látin lúta öðrum lögmálum en samkeppnisaðilar.

Bitnar á ungu fólki og eignum á fasteignamarkaði

Þetta óheilbrigða samkeppnisumhverfi hefur haft verulegar afleiðingar á lánamarkaði. Hin þunga sókn lífeyrissjóða inn á fasteignalánamarkaðinn hófst af fullum þunga eftir að bankaskatturinn var hækkaður. Lífeyrissjóðir greiða hvorki bankaskatt né tekjuskatt og geta því boðið hagstæðari kjör en bankarnir. Þau kjör standa ekki öllum til boða þar sem að lífeyrissjóðirnir lána út á lægri veðhlutföll en bankarnir. Þetta þýðir með öðrum orðum að hinum eignamestu standa til boða hagstæðari kjör lífeyrissjóða sem ekki þurfa að greiða bankaskatt á meðan hinir eignuminni og fyrstu kaupendur þurfa í raun að bera bankaskattinn.



Að þessu leyti er rangt gefið og lífeyrissjóðunum og þeim lántakendum sem reitt geta fram hærra hlutfall á móti lántöku með lægra veðsetningarhlutfalli veitt forskot á markaði, á kostnað bankanna og viðskiptavina þeirra. Þetta sést meðal annars í þeim mikla vexti sem hefur orðið á útlánnum lífeyrissjóða til íbúðalánakaupa frá því að bankaskatturinn var hækkaður. Nú er svo komið að lífeyrissjóðirnir eru álíka umsvifamiklir og allir bankarnir samanlagt þegar horft er til nýrra íbúðalána á mánaðargrunni.



Kemur niður á smærri fyrirtækjum

Óheilbriggt samkeppnisumhverfi vegna álagningar bankaskattsins bitnar einnig á fyrirtækjum. Stærstu fyrirtækin á Íslandi geta sótt sér fjármagn í erlendum bönkum sem ekki bera íslenska bankaskattinn. Það sama gildir um fyrirtæki sem geta fjármagnað sig með útgáfu skuldabréfa þar sem að álagning bankaskatts hefur engin áhrif á verðlagningu þeirra.

Heilbrigð samkeppni

Krafa SFF er að allir sitji við sama borð á lánamarkaði. Sé það vilji stjórnvalda halda þessari skattheimtu til streitu ætti eitt yfir alla ganga. En það ætti að vera markmið stjórnvalda að efla samkeppni á lánamarkaði neytendum og fyrirtækjum til hagsbóta. Skilvirk leið til þess að ná því markmiði væri að afnema bankaskatt með öllu og það myndi enn fremur leiða til þess að lækka vaxtastig í landinu þar sem að skatturinn eykur fjármögnunarkostnað banka. Ef bankaskatturinn verður ekki afnuminn má leiða að líkum að því að innlendar fjármálastofnanir verði síður færar um að veita innlendum markaði heildstæða fjármálaþjónustu.

Ekki bara bankar á lánamarkaði

Í umræðum um íslenskan lánamarkað er þeirri mynd gjarnan haldið á lofti að innlendir bankar og sparisjóðir séu allsráðandi. Staðreyndin er hins vegar sú að erlend fjármálafyrirtæki eru með umtalsverða markaðshlutdeild á innlendum lánamarkaði þrátt fyrir að þau starfræki ekki útibú eða dótturfélög hér á landi. Um langt skeið hafa erlend fjármálafyrirtæki veitt stærri innlendum fyrirtækjum bankaþjónustu. Þetta gildir um stærri sjávarútvegsfyrirtæki, ýmis stærri útflutningsfyrirtæki og orkufyrirtæki. Útlán innlendra banka og sparisjóða til atvinnufyrirtækja námu um 1150 ma.kr. um síðustu áramót en lán erlendra aðila til atvinnufyrirtækja námu um 550 ma.kr. á sama tíma. Hlutur erlendra aðila er því um þriðjungur af heildarlánnum til fyrirtækja. Sama gildir um þessi lán og fasteignalánin, vaxtaálag er lágt eða gjarnan á bilinu 1–2% vegna eðlis viðskiptanna og þau því viðkvæm fyrir áhrifum bankaskatts og áhrifum hærri eiginfjárfarfna hér á landi en í nágrannalöndum. Vegna bankaskattsins og hærri eiginfjárfarfna standa innlend lánafyrirtæki mjög höllum fæti í samkeppni við erlenda lánveitendur.

Fasteignalán næm fyrir bankaskattinum

Sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki á borð við bankaskatt auka líkurnar á að aðilar sem skattar og reglur um fjármálafyrirtæki ásamt eftirliti ná ekki til, hefji lánastarfsemi og þjónustu hliðstæða þeirri sem fjármálafyrirtæki veita. Sérstaklega skapa þessar aðstæður ójafna samkeppnisstöðu í lánnum þar sem vaxtaálag er lágt eins og t.d. í lánnum tryggðum með veði í fasteignum.

Fordæmalaus skattlagning

Bankaskatturinn í þeirri mynd sem hann er lagður á hér á landi er fordæmalaus í evrópsku samhengi og grefur skattlagningin þegar horft er til allra þátta undan hagsmunum ríkisins og neytenda. Á sama tíma og stjórnvöld fara með stærri hlut í fjármálageiranum en þekktist í Evrópu ganga þau lengra í skattheimtu en þekktist á Vesturlöndum. Skammheimtan rýrir virði eignarhlutar ríkisins í bönkunum verulega. Samkvæmt útreikningum SFF mun það rýra virði bankanna um 276 milljarða verði sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki innheimtir til frambúðar og þar af leiðandi skerða skattarnir virði hlutar ríkisins um 150 milljarða. Ef verður af þeim áformum sem er að finna í fjármálaáætlun 2019–2023 um lækkun bankaskattsins á árunum 2020–2023, rýrir skattheimtan virði bankanna um 150 milljarða. Í þessu samhengi má nefna að bankaskatturinn hefur verið að skila ríkissjóði á bilinu 8–9 milljörðum króna á ári hverju eftir að hann var hækkaður í 0,376% af heildarskuldum.

Grefur undan bankakerfinu

Til lengri tíma verða áhrif bankaskatts og annarra sérstakra skatta á fjármálafyrirtæki þau að fasteignalán og lán til stærri fyrirtækja munu flytjast til aðila sem ekki þurfa að greiða þessa skatta. Sú þróun mun veikja efnahag innlendra lánaþyrirtækja þar sem þessi lán eru í flokki traustari lána í lánasafni fjármálafyrirtækja. Rekstur og efnahagur fjármálafyrirtækjanna verður því einhæfari þegar fram líða stundir og geta þeirra til að veita stærri fyrirtækjum fjármálaþjónustu skerðist. Fyrir ríkið sem eiganda stórra eignarhluta í bönkum mun þessi þróun hafa neikvæð áhrif á virði banka og leiða til þess að arðsemi þeirra verður minni en ella. Erfitt er að leggja nákvæmt fjárhagslegt mat á áhrif þessara þátta þar sem erfitt er að segja til um á þessari stundu hversu hröð tilfærsla þessara lána verður frá fjármálafyrirtækjunum.

Óháð bankaskatti er fjármálageirinn langstærsti skattgreiðandinn

Fjármálafyrirtæki leggja mikið af mörkum til samfélagsins og leggja samanlagt mun meira til tekjuöflunar ríkissins en aðrir geirar. Eins og fram kemur í skýrslu fjármála- og efnahagsráðherra um skattatekjur sem lögð var fram á 147. löggjafarþingi greiddu fjármálafyrirtæki og váttryggingafyrirtæki um þriðjung allra opinberra gjalda á Íslandi ef litið er fram hjá greiðslum hins opinbera.

SFF óska eftir því að Alþingi fari vandlega yfir ofangreindar athugasemdir og það mat sem þar er lagt á langtímaáhrif bankaskattsins á íslenskt samfélag. Samtök fjármálafyrirtækja lýsa sig reiðubúin til frekara samtals svo leiða megj málið til lykta með farsælum hætti fyrir alla hagaðila.

Með vinsemd og virðingu,



Katrín Júlíusdóttir,
framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja